

REGLUGERÐ

fyrir Hitaveitu Reykjahlíðar.

1. gr.

Gildissvið.

Reglugerð þessi gildir um byggðasvæði það í Skútustaðahreppi er Hitaveita Reykjahlíðar þjónar.

2. gr.

Stjórnun.

Sveitastjórn Skútustaðahrepps fer með stjórn hitaveitunnar og kýs 3 manna hitaveitunefnd sér til ráðuneytis um rekstur og aðra tilhögun er veituna varðar. Heimilt er að sameina störf hitaveitu- og vatnsveitunefndar. Skal hin sameiginlega nefnd þá skipuð 5 mönnum.

Sveitastjóri Skútustaðahrepps er framkvæmdastjóri hitaveitunnar, en umsjónarmaður hitaveitu fer með daglegt eftirlit mannvirkja og búnaðar.

3. gr.

Einkaleyfi.

Hitaveita Reykjahlíðar hefur einkaleyfi til dreifingar og sölu á heitu vatni á byggðasvæðinu frá Reykjahlíð að Álftagerði og frá Reykjahlíð að Grímsstöðum í Mývatnssveit með þeim takmörkum sem um getur í 10. og 12. gr. samnings við eigendur Reykjahlíðajardar, dags. 14. mars 1971 og 9. og 11. gr. samnings við landeigendur í Vogum, dags. 4. maí 1971.

4. gr.

Hitaveitugjöld.

Til þess að standa straum af kostnaði við hitaveituna innheimtir hún hitaveitugjöld svo sem orkugjald og heimæðagjald samkvæmt nánari ákvæðum í gjaldskrá. Stefnt skal að því að tekjur skv. gjaldskrá standi undir rekstrarkostnaði og fjármagnskostnaði hitaveitunnar.

Gjalddagi hitaveitugjalda er við framvísun reiknings eða tilkynningar um reikningsupphæð. Það eru vanskil ef gjöldin eru ekki greidd innan 30 daga frá gjalddaga.

Hitaveitan hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð viðskiptamanns, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld, en henni ber að tilkynna áætlun um lokun með 7 daga fyrirvara.

Kostnað af opnun á ný greiðir sá sem vanskilum veldur, samkvæmt gjaldskrá. Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá má taka lögtaki á kostnað gjaldanda.

5. gr.

Lagnir veitukerfisins.

Hitaveitan á og lætur leggja allar lagnir veitukerfisins, aðveituaðar, stofnaðar, dreifiaðar og heimæðar ásamt þeim innanhússlögnum sem liggja að hemla- og mæla-grindum. Hitaveitunni er ekki skylt að leggja heimæðar meðan jörð er frosin.

6. gr.

Kvöð um tengingu við hitaveitu.

Þeim sem húseign á við götu eða veg innan veitusvæðis hitaveitunnar, þar sem vatnsað hitaveitu liggur, er skylt að láta tengja hitunarkerfi við hitaveituna.

Nú eru sérstakir erfiðleikar á tengingu húss eða tenging þykir af einhverjum ástæðum ekki ráðleg, þá getur veitustjórn ákveðið að húsið skuli ekki tengt við hitaveitukerfið, nema sérstakir samningar komi til.

7. gr.

Eignaréttur hitaveitu og viðhaldsskylda.

Hitaveita hefur eignarétt og viðhaldsskyldu á aðveitu- og stofnæðum sínum, dreifiæðum og götuæðum veitunnar svo og heimæðum og lögnum innanhúss, að og með mæla- eða hemlagrindum ásamt tilheyrandi búnaði, er tengja vatnskerfi hússins við veituna, og telst dreifikerfið ná þangað.

Tengingu vatnshitunarkerfis húss við mælagrind svo og nauðsynlegar breytingar á innanhússlögnum og hitunarkerfi húss vegna tengingar við hitaveituna skal húseigandi annast og kosta.

8. gr.

Ábyrgð og skyldur hitaveitunnar.

Hitaveitunni er skylt að haga starfsemi sinni þannig að sem best verði tryggður eðlilegur og truflanalaus rekstur eftir því sem aðstæður leyfa.

Hitaveitan ber ekki fjárhagslega ábyrgð á tjóni, er leiða kann af rekstrartruflunum er verða á veitunni vegna frosta, rafmagnstruflana, náttúruhamfara eða annarra óviðráðanlegra atvika. Sama gildir ef rennsli í vatnsæð er stöðvað um stundarsakir vegna viðgerða og annarra nauðsynlegra framkvæmda veitunnar.

Hitaveitan er ekki skuldbundin gagnvart húseiganda til þess að tryggja að þrýstingur í vatnsæðum sé ávallt nægilegur. Stöðvun á rekstri veitunnar eða hluta hennar vegna viðhalds eða tenginga skal tilkynna fyrirfram ef unnt er og koma á eðlilegum rekstri aftur svo fljótt sem verða má.

9. gr.

Afnot varmaorku.

Varmi sá sem hitaveitan lætur í té er ætlaður til upphitunar húsa og almennra heimilisnota. Hitaveitan ákveður hámark varmaafis til notenda.

Óheimilt er með öllu að tengja annað en neysluvatnslögn við greiningu þá á mæla- eða hemlagrind sem til þess er ætluð. Nú kemur fram ósk um að nota heita vatnið til annarra þarfa en greinir í 1. mgr. og þarf þá til þess heimild hitaveitunnar, sem hún getur bundið nánari skilyrðum og fyrirmælum hverju sinni.

10. gr.

Afrennslisvatn frá húskerfum.

Hitaveitunni er heimilt að nota aftur vatn sem runnið hefur gegnum hitunarkerfi húss. Húsráðendum er heimilt að nota afrennslisvatnið til annarra þarfa en um getur í 9. gr. svo sem upphitunar gróðurhúsa, bílastæða, gangstíga o. s. frv., en skulu skila afrennslisvatninu aftur ef hitaveitan þarf á því að halda. Óski hitaveitan ekki eftir afrennslisvatninu skal húsráðandi annast og kosta að leiða afrennslisvatn frá húsi í jarðþró eða sprungu, enda samþykki hitaveitan fráganginn. Ef húseigendur nota hitaveituvatn til hitunar bílastæða, gangstíga o. s. frv. og hitunarkerfin eru beint tengd veitunni þá getur hitaveitan krafist þess, að þessi kerfi séu þrýstiprófuð við þann hita sem gert er ráð fyrir að notaður verði.

11. gr.

Tenging við hitaveituna.

Áður en hitunarkerfi húss eða lagnir fyrir heitt kranavatn eru tengdar hitaveitukerfinu skal liggja fyrir uppdráttur samþykktur af hitaveitunni og gildir það jafnt um nýlagnir og viðbætur við, eða breytingar á eldri lögnum.

Ef uppdrættir eru ekki til af gömlum hitunarkerfum þá getur hitaveitan krafist þess að þeir séu þegar gerðir, eftir því sem nauðsynlegt er og ber húseigandi allan kostnað af því.

Húseigandi skal heimila að leggja heimæð eða sameiginlega heimæð um lóð og sjá fyrir inntaksstað fyrir hitaveitu við útvegg, kjallara eða 1. hæðar ef hús er kjallaralaust ásamt nauðsynlegu rými fyrir mælagrind og annað tilheyrandi tengingu við veituna. Þar skal vera niðurfalið í gólfi og skal sá staður ætíð vera aðgengilegur starfsmönnum hitaveitu.

Ef inntak hitaveitu og mælagrind eru ekki í sama herbergi skal lögn þar á milli vera óhulin eða í stökk, sem auðvelt er að opna. Óheimilt er að tengja vatnsdælur við heimæðar nema að fengnu leyfi hitaveitunnar. Á öllum húskerfum tengdum hitaveitu skulu vera einstreymislokar og öryggisútbúnaður skv. fyrirmælum hitaveitunnar. Á hitkerfum tengdum einföldu dreifikerfi hitaveitu skal nota sjálfvirka afrennisloka og/eða annan búnað sem heldur hæfilegum þrýstingi í hitakerfum.

12. gr.

Uppdrættir.

Uppdráttur skv. 11. gr. skal gerður í samræmi við lög og reglur um byggingamál. Ef hitaveitan telur ástæðu til, getur hún krafist þess, að útreikningar á hitaþörf verði lagðir fram.

13. gr.

Hitalagnir.

Peir sem leggja hitalagnir, bera ábyrgð á að allar lagnir séu í samræmi við reglugerð þessa, samþykktu uppdraetti, svo og nánari fyrirmæli er sett kunna að verða. Hitaveitan getur áskilið að þeir einir megi annast suðuvinnu á pípum samkvæmt reglugerð þessari, er staðist hafa sérstakt hæfnispróf í suðu viðkomandi lagna.

14. gr.

Eftirlit.

Hitaveitan skal hafa eftirlit með því að nýlagnir, breytingar á eldri lögnum og tenging húskerfa við hitaveitu sé í samræmi við reglugerð þessa, samþykktu uppdraetti, reglugerð um hitalagnir og aðrar reglur og lög er gilda um byggingamál.

Alíti eftirlitsmaður að verk sé eigi framkvæmt samkvæmt ákvæðum reglugerðar þessarar, ákvæðum reglugerðar um hitalagnir eða öðrum reglum er settar kunna að verða, getur hann stöðvað verkið þar til bætt hefur verið úr því sem áfátt kann að vera.

15. gr.

Mælar og hemlar.

Hitaveitan ákveður stærð og gerð mæla rennslis- og gjaldtökubúnaðar sem nota skal, og lætur setja þá á inntakspípur húsa sem tengd eru kerfi veitunnar og innsigla þá. Búnaður þessi er í eigu og umsjá hitaveitunnar.

Ef maður rýfur innsigli mælis eða breytir rennslis um hann, varðar það refsingu skv. almennum hegningarlögum.

Notandi mælis er sá sem skráður er fyrir vatnsnotkun þess hitakerfis, sem mælirinn er fyrir. Uppsögn eða flutning skal tilkynna hitaveitunni með hálf mánaðar fyrirvara. Ef notandi óskar að mælir sé leiðréttur, skal hann senda skriflega beiðni til hitaveitunnar. Ef þá kemur í ljós við athugun að mesta skekkja sé innan við 5%, er heimilt að gera notanda að greiða kostnað við prófunina. Sé skekkjan meiri skal hitaveitan bera kostnað við prófunina og lækka reikning notenda, í samræmi við niðurstöður hennar, ef notandi fékk minna vatn, en mælir sýndi, þó ekki fyrir lengra tímabil en 4 mánuði, nema sannað sé að skekkjan hafi verið í lengri tíma. Öll þau sömu ákvæði og hér eru talin um mæla skulu gilda jafnt um hemla, ef selt er samkvæmt hemilstaxta. Starfsmenn hitaveitu skulu jafnan hafa frjálsan aðgang að pípulögnum bæði innanhúss og utan. Húsráðanda er skylt að láta þeim í té þær upplýsingar sem máli geta skipt um hitun hússins og heitt kranavatn.

16. gr.

Skyldur húseiganda og ábyrgð.

Húseiganda er skylt að hlýta þeim reglum og fyrirmælum sem hitaveitan setur um gerð og búnað neysluvatnsins og hitunarkerfi hússins. Húsráðandi ber ábyrgð á þeim búnaði og lögnum innanhúss sem eru í eigu og umsjá hitaveitunnar. Húsráðanda ber að tilkynna tafarlaust til hitaveitunnar, ef vart verður bilunar á búnaði og tækjum og skal hann hlíta fyrirmælum um viðgerð á bilunum og gera ráðstafanir til varnar misnotkun á hitaveituvatninu. Nú verða tæki eða annar búnaður í eigu hitaveitunnar, fyrir óvenjulegu hnjaski eða skemmdum sem hitaveitan á ekki sök á og er þá heimilt að skylda notanda til að greiða kostnað við viðgerð eða endurnýjun.

17. gr.

Viðurlög við brotum.

Brot á reglugerð þessari varða sektum, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt lögum. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála. Nú vanrækir maður að láta vinna verk, sem hitaveitan hefur fyrirskipað samkvæmt reglugerð þessari, eða verk er ekki unnið á viðeigandi hátt, og er þá hitaveitunni heimilt að láta vinna það sem þörf krefur á kostnað eiganda. Kostnaðinn má innheimta hjá eiganda með lögtaki ef þörf krefur.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af sveitarstjórn Skútustaðahrepps, er hér með staðfest samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi felld reglugerð fyrir Hitaveitu Reykjahlíðar nr. 215, 4. nóvember 1971.

Iðnaðarráðuneytið, 14. nóvember 1985.

Albert Guðmundsson.

Páll Flygenring.

GJALDSKRÁ**Hitaveitu Reykjahlíðar.**

1. gr.

Hitaveita Reykjahlíðar selur hitaorku frá aðveituæð og dreifikerfi veitunnar samkvæmt ákvæðum gjaldskrár þessarar.

2. gr.

Hitaveita Reykjahlíðar lætur hverju húsi, sem er í sambandi við vatnsæðar hennar í té vatnsmagn er ætla má að nægi til hitunar á húsinu, enda séu ofnar hússins nægilega stórir að dómi eftirlitsmanns hitaveitu.

Hitaveitan lætur setja stillanlegan hemil fyrir hámarksrennsli til upphitunarkerfis og miðast gjald hitaveitunnar fyrir selda orku við það hámark, sem hemillinn er stilltur á.

3. gr.

Einungis starfsmenn hitaveitunnar mega breyta stillingu vatnshemils þess, er um getur í 2. gr. Hitaveitan breytir stillingu hemils eftir óskum húseiganda fyrsta árið, sem hús hans er